



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. júní 2013.

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 163/2007, um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð (tölfræðilegar upplýsingar um skuldir heimila og fyrirtækja). Lagt fyrir á 142. löggjafarþingi 2013. Þingskjal nr. 14 – 14. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Markmiðið með frumvarpinu er að gera Hagstofu Íslands kleift að afla tölfræðilegra upplýsinga sem eiga að gefa skýra heildarmynd af stöðu og þróun skulda, greiðslubyrði og greiðsluvanda heimila.

**MRSÍ vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:**

Frumvarpinu er ætlað að veita Hagstofu Íslands heimildir til að kalla eftir verulegu magni upplýsinga um alla lántakendur í landinu, greiðslusögu þeirra ásamt upplýsingum um vanskil og greiðsluúrræði. Líkt og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu verður að horfa til þess hvort slík upplýsingasöfnun sé nauðsynleg til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að og hvort vegi þyngra í því sambandi, réttur einstaklingsins til friðhelgi einkalífs sem verndaður er í 71. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944 eða sú yfirsýn sem upplýsingasöfnuninni er ætlað að skila. Vísað skal og til 7. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, en þar segir m.a. að við alla vinnslu persónuupplýsinga skuli gæta þess að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.

Í athugasemdum með frumvarpi þessu segir að fjárhagsupplýsingar séu ekki eins viðkvæmar og heilsufarsupplýsingar sem kallað var eftir vegna laga nr. 139/1998, um gagnagrunn á heilbrigðissviði, og því sé öflun slíkra upplýsinga ekki eins mikið inngrip í friðhelgi einkalífs einstaklingsins. Ef litið er til 8. t. l. 2. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga eru heilsufarsupplýsingar taldar til viðkvæmra persónuupplýsinga en upplýsingar um fjárhagsmálefni hins vegar ekki. Þrátt fyrir það verður þó að ætla að skýrar heimildir verði að búa að baki svo víðtækri söfnun upplýsinga um fjárhagsmálefni einstaklinga og nú er fyrirhuguð.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Vert er og að geta þess að samkvæmt lögum um gagnagrunn á heilbrigðissviði skyldu upplýsingarnar dulkóðaðar áður en þær færu inn í gagnagrunninn þannig að starfsmenn gagnagrunnsins ynnu aðeins með ópersónugreinanlegar upplýsingar sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna. Var og unnið að sérstöku öryggiskerfi utan um gagnagrunninn sem meðal annars mælti fyrir um aðgangsstýringar, rekjanleika, dulkóðun, o.fl. og höfðu starfsmenn Persónuverndar yfirumsjón með þeirri vinnu. Samkvæmt lögnum er sjúklingi og heimilt að óska eftir því að upplýsingar um hann verði ekki fluttar í gagnagrunninn, sbr. 8. gr., og er skylt að verða við beiðni hans. Gagnagrunnur á heilbrigðissviði er enn ekki orðinn að veruleika og virðist jafnvel hafa verið fallið frá uppsetningu hans.

MRSÍ hefur ekki að fullu forsendur til þess að meta hvort sú víðtæka upplýsingaöflun sem frumvarpið boðar sé nauðsynleg í samfélagslegum tilgangi en telur mikilvægt að skoðað verði hvort það sé nauðsynlegt að Hagstofa Íslands afli persónugreinanlegra upplýsinga um lántökur, greiðslubyrði og greiðslustöðu allra lántakenda í landinu og hvort ekki sé mögulegt að fara aðrar leiðir sem ekki fela í sér slíkt inngrip í einkalíf nánast allra landsmanna á fullorðinsaldri. MRSÍ telur enn fremur varasamt að Hagstofan megi afla þessara upplýsinga frá þriðja aðila (lánastofnunum) en ekki einstaklingnum sjálfum og að ekki sé gert ráð fyrir því í frumvarpinu eða í lögum nr. 163/2007, um Hagstofu Íslands og opinbera hagsýslugerð, að einstaklingurinn geti haft neitt að segja um það hvort þessara upplýsinga um hann er aflað. Skal í því sambandi m.a. vísað til 20. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, um skyldu ábyrgðaraðila til að láta hinn skráða vita um vinnslu persónuupplýsinga þegar þeirra er aflað hjá öðrum en honum sjálfum.

MRSÍ telur og nauðsynlegt að kveða skýrt á um varðveislutíma upplýsinganna. Í frumvarpinu er ekki að finna nein ákvæði þar að lútandi. Telur MRSÍ betur fara á því að upplýsingunum verði aðeins ætlaður tiltekinn varðveislutími. Í ljósi þess tilgangs og þeirra sérstöku aðstæðna sem að baki söfnun upplýsinganna búa, hvetur skrifstofan enn fremur til að í stað þess að í 6. gr. frumvarpsins skuli lagt til að heimildir Hagstofunnar til hagskýrslugerðar um fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja verði endurskoðaðar fyrir árslok 2017, að gildistími laganna verði ákvarðaður til þess tíma.

Loks hvetur MRSÍ til þess að skýrar verði kveðið á um öryggisráðstafanir sem viðhafa verður við söfnun og vinnslu persónugreinanlegra upplýsinga, svo sem um dulkóðun, rekjanleika uppflættinga, aðgangsstýringar o.fl.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdarstjóri